

Nd.

475. Breytingartillögur

við frv. til laga um sölu á sild o. fl.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

1. Við 1. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Ef eigi færri en 20 þeirra manna, er á síðastliðnu ári ljetu salta sild til útflutnings eða gerðu skip út á sildveiðar, stofna fjelag o. s. frv.

2. Við 4. gr. Orðin »hvort sem hann er fjelagsmaður eða ekki« falli niður.

3. Við 5. gr. 2. málgr. skal orða svo:

Heimilt er fjelagsstjórninni að banna að salta eða krydda sild til útflutnings frá 15. mars til 25. júlí ár hvert, enda skal bannið auglýst með að minsta kosti mánaðar fyrirvara.

4. Á eftir 5. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Fjelagsstjórninni er heimilt að selja innanlands þá sild, er hún telur eigi svara kostnaði að flytja út.
5. Við 7. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein:
Nú þykir þörf á að reyna nýja meðferð sildar til útflutnings á nýja markaði, og getur þá fjelagsstjórnin látið framkvæma þetta á kostnað fjelagsins.
6. Við 13. gr. síðari málsgrein:
 - a. fyrir »300« á fyrri staðnum komi: 200.
 - b. fyrir »25« komi: 35.
 - c. fyrir »300« á síðari staðnum komi: 200.Greinatalan breytist samkv. atkvgr.